Skólaráðsfundur 22.10.2026

Mætt: Inga skólastjóri, Margrét Lilja aðstoðarskólastjóri, Fjóla deildarstjóri tómstundamiðstöðvar, Víkingur fulltrúi nemenda 9. bekkur, Kristbjörg fulltrúi nemenda 10. bekkur, Hilmar fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Dagbjört fulltrúi foreldra, Kristín fulltrúi foreldrafélagsins, Hildur Arna fulltrúi kennara

- Vala fulltrúi annarra starfsmanna er fjarverandi
- Ragna fulltrúi kennara er fjarverandi

Fundarstjóri Inga

Fundarritari Margrét Lilja

Dagskrá

- Kynning á meðlimum skólaráðs
    - Farið hringinn
- Skipulag og áherslur vetrarins 2026-2027
    - Fundarstjóri fer yfir áherslur/dagskrá vetrarins, fundartíma skólaráðs og hvað þarf að fara yfir og samþykkja á fundum
    - Næsti fundur 26. nóvember
    - 11. febrúar, 18. mars, og 20. maí – fundardagar á vorönn
    - Fundir er alltaf á fimmtudögum frá 15-16
- Staðan í skólanum varðandi úrbætur á hljóðvist og loftræstingu
    - Fundarstjóri segir frá forsögu úrbóta
    - Búið að taka matsalinn í gegn og taka loftið niður – mikill munur á hljóðvist til hins betra
    - Í úttekt er samt ekki búið að gera nóg – á dagskrá að setja hljóðdempandi efni á veggi í matsal
    - Loftræsting í skoðun – búið að lækka hita á inntaki lofts sem gerir það að verkum að loftgæði eru betri
    - Verið að skoða loftræstingu í fyrirlestrarsal
    - Fulltrúi kennara bendir á að öðru megin á unglingagangi er skítkalt en heitt hinum megin – skólastjóri vonar að það lagist þegar lagfæringar verða gerðar á fyrirlestrarsal.
- Skólalóðin
    - Búið að girða mikið í sumar á skólalóð
    - Skólastjóri óskaði eftir að ákveðið svæði yrði girt af en það hefur ekki verið gert
    - Gert ráð fyrir að gróðursettar verði plöntur í afgirta svæðið
    - Óskað var eftir stólpum/keilum sem neyðarbílar geta keyrt niður til að hefta umferð inn á skólalóðina. Þeirri ósk var hafnað. Skólastjóri hefur

tekið ákvörðun um að setja upp þessar keilur og rætt það við húsumsjónarmann.
    - Fulltrúi foreldra gerir athugasemdir við bílastæði leikskólans sem er á miðri skólalóð. Fundurinn tekur undir.
    - Sleppistæðin/skutlvasi – setja upp merkingu/skilti fyrir þessi stæði
    - Setja upp skilti og sendum póst á forráðamenn varðandi sleppistæðin.
- Haustfundir
    - Í fyrra voru farsældarfundir
    - Í ár erum við aftur með líðanfundir
        - 6. bekkur búinn
        - 1. og 2. bekkur – fundur um lestur og læsi
        - 8. bekkur – fundur með foreldrum um tilfærslu úr miðdeild og upp í unglingadeild
        - 9. bekkur – teams fundur vegna skólaferðar
        - 3. og 4. bekkur og 5. og 7. bekkur verða í nóvember
        - Unglingadeildin verður með líðan fundi í janúar
- Brunaæfing - 5.57 mín
    - Fór fram í síðustu viku
    - Eftir að girt var sáum við að það var flöskuháls vegna þeirra
    - Þurfum að endurskoða söfnunarstaði
    - Kerfið fór ekki að stað í Gullskarði – þarf að laga það
    - Það vantaði upp á að kennarar slökkvi ljósin í sínum stofum þegar þeir yfirgefa þær
    - Tölvupóstur um hvernig æfingin gekk verður sendur á allt starfsfólks
- Önnur mál
    - Forföll í unglingadeild
        - Mjög mikil
        - Allt of margir tímar sem falla niður
        - Bæði bóklegir og smiðjutímar
        - Mikið samfélagsfræði og enska
        - Skólastjóri segir frá því að við erum með forfallakennara sem geta komið og tekið forföll, mikið um veikindi það sem af er hausti, yngri deildin alltaf látin ganga fyrir
    - Fulltrúi foreldra spyr hvort nemendur séu að koma á rafmagnshlaupahjólum í skólann?
        - Svarið er já, flestir í 8. bekk
        - Mega þau mæta á þessum hjólum? Skólinn hefur ekki sett sig upp á móti því
        - Aldurstakmarkið er 13 ára
        - Rætt um veggspjald um rafmagnshlaupahjóli og hjálmanotkun
        - Fulltrúi foreldra sendir á skólastjóra veggspjaldið

        - Hjálmanotkun lítil – fulltrúar nemenda taka undir
        - Foreldrar fyrirmyndar
        - Landssamtök foreldra – er að fara í átak varðandi hjálmanotkun samkvæmt fulltrúa foreldra
        - Foreldraráð var á fundi lögreglu þar sem verið er að breyta lögum varðandi „mótorhjólin“ sem eru breytt – að þau fari í pressu ef þau eru tekin
    - Símafríið – fulltrúar nemenda eru mjög ánægðir með símafríið. Félagslífið betra, búin að kynnast og eignast fleiri vini, taka bæði undir að þetta hafi haft mjög jákvæð áhrif
    - Nemendaráð með uppákomur í hádeginu tvisvar í mánuði þar sem þau sjá um dagskrá
    - Ekki jafn margir í símanum í félagsmiðstöðinni á kvöldin
    - Félagslífið er betra eftir að þessi nefnd tók við
    - Maturinn í hádeginu – athugasemd frá fulltrúum nemenda
        - Fiskur þurr
        - Kjúklingur þurr
        - Ógirnilegur
        - Lítið eftir
        - Kaldur
        - Hugmynd frá skólastjóra að fá fulltrúa frá Matarstund á fund með nemendaráði
        - Nemendaráð búin að safna upplýsingum frá nemendum
- Gengið um skólann og skoðað hvað er gott og hvað þarf að bæta. (Sbr. hlutverk skólaráðs í lögum: fylgist almennt með öryggi , aðbúnaði og almennri velferð nemenda
    - Er hægt að setja snaga á vegginn í unglingadeild í staðin fyrir lausu fataslárnar því þær eru mikið á ferðinni.
    - Nemendur eru að stelast í símann á bókasafninu og leiki í tölvu.